

Samkomulag

milli Snóks verktaka ehf. (Snókur), kt. 690506-2110, annars vegar,

og

Verkalýðsfélags Akraness (VLFA), vegna félagsmanna sinna, hins vegar.

2. gr. Gildistími

Gildistími samkomulags þessa er frá deginum í dag, 10. apríl 2015, að telja og til 31. janúar 2017.

2. gr.

Tilgangur samkomulags þessa og umfang

Tilgangur samkomulags þessa er að félagsmenn VLFA vinni á sambærilegum starfskjörum og hafi sambærileg launþegaréttindi og starfsmenn Elkem ehf. á Grundartanga. Lýsa aðilar samkomulagsins því hér með yfir að ákvæði kjarasamnings Samtaka atvinnulífsins vegna Elkem á Íslandi ehf. við viðkomandi verkalýðsfélag, þ.m.t. VLFA dags. frá mars 2005, með síðari breytingum, nú síðast kjarasamningi dags. 21. mars 2014, gildir að breyttu breytanda og eftir því sem við á fyrir félagsmenn VLFA sem starfa hjá Snók, með eftirfarandi sérákvæðum og/eða undanþágum:

- a) Heildarnýtingarbónus sem fjallað er um í 3. gr. kjarasamnings dags. 21. mars 2014 nær ekki til starfsmanna Snóks.
- b) Tjónabónus samkvæmt 4.gr. kjarasamnings dags. 21. mars 2014 nær ekki til starfsmanna Snóks.
- c) Launataxtar skv. 2.gr. kjarasamnings dags. 21. mars 2014 skulu gilda með þeirri breytingu að grunnlaun starfsmanna Snóks hækka um 4% frá og með 1. apríl 2015. Sú grunnlaunahækkun gengur inní hugsanlega grunnlaunahækkun á almennum markaði skv. samningum SA og þeirra félaga sem eiga aðild að kjarasamningnum frá 2005 á grundvelli 3. mgr. 2. gr. kjarasamnings dags. 21. mars 2014.
- d) 1. Janúar 2016 og 2017 munu laun starfsmanna Snóks taka sömu launahækkun og starfsmenn Elkem Ísland fá.
- e) Við útborgun launa fyrir aprílmánuð fá starfsmenn Snóks eingreiðslu að fjárhæð kr. 60.000 hver, án tillits til mismunandi launakjara.

3. gr.

Atkvæðagreiðsla

Samningur þessi skal borinn undir atkvæði félaga í VLFA sem starfa hjá Snók. Niðurstöðu atkvæðagreiðslu skal tilkynna til Snóks fyrir kl. 12:00 10 apríl 2015, ella skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík 8. apríl 2015

f.h. Snóks verktaka ehf.



f.h. Verkalýðsfélags Akraness

